

Mál nr. 348/2025.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kattatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. september 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að læðan X, sem er í eigu M, hafi greinst með mycoplasma felis og calici veiru. Samkvæmt dýralækni valdi þeir sjúkdómar bólgum í slímhúð, t.a.m. í munni, en séu ekki sérstakir sjúkdómar í tannholdi. Vegna þessara sjúkdóma þurfi að fjarlægja tennur úr X en slík aðgerð auki líkur á fullum bata. V hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að skilmálar sjúkrakostnaðartryggingarliðar kattatryggingar undanskilji tjón vegna sjúkdóma í tannholdi, tannhirðu, tannviðgerða eða galla í tönnum eða biti. M telji hins vegar samkvæmt framangreindu að sá sjúkdómur sem X þjáist af falli ekki undir þá skilgreiningu enda sé um að ræða vírus sem hafi áhrif á allan líkama X.

Meðfylgjandi málskoti er tjónstilkynning sem er útfyllt og undirrituð af dýralækninum Y, dags. 22. september 2025. Þar kemur fram að X hafi greinst með bæði mycoplasma felis og calici veiru. Sjúkdómsgreining er þá sögð vera „stomatitis vegna veirusýkingar og mycoplasma.“ Málskoti fylgja einnig fræðigreinar um mycoplasma felis og calici veirusýkingar í köttum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi borist tjónstilkynning M hinn 6. september 2025 þar sem gerð hafi verið krafa um bætur vegna meðferðar við sýkingu í tannholdi. Samkvæmt því sem komi fram í tjónstilkynningu Y, eða vottorði hennar, hafi X verið greind með stomatitis vegna veirusýkingar og mycoplasma. Sjúkdómseinkennum sé lýst sem bólgu í munni og fjarlægja þurfi jaxla og tennur á sýktu svæði. V hafi, hinn 23. september 2025, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að sjúkrakostnaðartryggingin bæti ekki tjón vegna sjúkdóma í tannholdi, tannhirðu, tannviðgerða eða galla í tönnum eða biti. Telji V ljóst af fyrirliggjandi gögnum að sá sjúkdómur sem X greindist með sé sjúkdómur í tannholdi. Þar sem M hafi ekki verið sammála því hafi V óskað eftir staðfestingu dýralæknis á því að sjúkdóminn væri ekki hægt að skilgreina sem sjúkdóm í tannholdi. Hafi M óskað slíkrar staðfestingar frá Y en hún hafi ekki borist V. Það sé almenn sönnunarregla í váttryggingarétti að sá sem gerir kröfu um bætur beri sönnunarbyrði þess að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt og slík sönnun hafi samkvæmt framangreindu ekki tekist.

Álit.

Í skilmálum kattatryggingar hjá V er að finna sérstaka umfjöllun um sjúkrakostnaðartryggingu. Kemur þar fram að tryggingin bæti læknskostnað vegna sjúkdóms eða slyss hins váttryggða kattar. Er þá sérstaklega tiltekið að váttryggingin taki ekki til læknskostnaðar vegna nánar tilgreindra atvika. Er þar m.a. talið upp, í h)-lið gr. 1.2, að sjúkrakostnaðartrygging taki ekki til „sjúkdóma í tannholdi, tannhirðu, tannviðgerða eða galla í tönnum eða biti.“ Rétt er að taka fram, í ljósi málatilbúnaðar V, að þar sem um undanþáguákvæði er að ræða er það V, en ekki M, sem samkvæmt almennum sönnunarreglum ber hallann af sönnunarskorti sé ekki nægilega sýnt fram á að tilvik falli undir þau atvik sem tilgreind eru í gr. 1.2.

Eina læknisfræðilega gagnið sem liggur fyrir nefndinni er tjónstilkynning til V, dags. 22. september 2025, sem er undirrituð af dýralækninum Y. Þar kemur fram að X hafi greinst með mycoplasma felis bakteríusýkingu og calici veirusýkingu. Sjúkdómsgreining er sögð vera stomatitis af völdum fyrrnefndra sýkinga og fram kemur að fjarlægja þurfi tennur úr X svo góðar líkur séu á bata. Af gögnum málsins má ráða að frekari læknisfræðilegra gagna hafi verið að vænta en þau liggja í öllu falli ekki fyrir nefndinni.

Eftir því sem nefndin kemst næst er stomatitis bólgusjúkdómur í tannholdi sem er m.a. meðhöndlaður með tanndrætti. Orsakir hans virðast ekki að fullu þekktar en svo virðist sem veiru- og bakteríusýkingar geti valdið honum. Í fyrirliggjandi tjónstilkynningu kemur fram að svo sé í tilvik X og hefur nefndin engar forsendur til að draga þá ályktun í efa. Má því, í tilvik X, gera ráð fyrir því að tenging sé milli

mycoplasma felis bakteríusýkingar og calici veirusýkingar, sem vissulega eru ekki sjúkdómar í tannholdi og stomatitis. Það hagar þó ekki því að stomatitis er sérstakur sjúkdómur í tannholdi og það er sá sjúkdómur sem kallar á þá meðferð sem M krefst bóta vegna.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að líta svo á að krafa M sé til komin vegna sjúkdóms sem sérstaklega er undanskilinn gildissviði sjúkrakostnaðartryggingarliðar kattatryggingar V. Verður því óhjákvæmilega að hafna kröfu hennar.

Að endingu er rétt að taka fram að V hefði að ósekju mátt draga úr gagnaframlagningu sinni, en t.a.m. er allsendis óþarft að leggja prentaða útgáfu laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 fyrir úrskurðarnefndina.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkrakostnaðartryggingu kattatryggingar hjá V.

Reykjavík, 3. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir